

REGLUR

um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds nr. 1211/2020, með breytingum nr. 721/2023 og nr. 300/2024.

1. gr.

Öflun tekna til viðbótar við fjárframlög

Háskólanum á Akureyri er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög á fjárlögum. Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskólans á Akureyri samkvæmt 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

2. gr.

Skrásetningargjald

Skrásetningargjald við skráningu í nám	kr. 75.000
Skrásetningargjald, nýskráning á vormisseri	kr. 55.000
Leyfi til skrásetningar utan skrásetningartímabils	kr. 11.250
Skrásetningargjald, öryrkjar (gegn staðfestingu á örorkumati)	kr. 37.500

Með greiðslu skrásetningargjalds staðfestir umsækjandi skólavist við Háskólann á Akureyri. Skrásetningargjald við skráningu í nám nær til heils skólaárs en þeir nemendur sem fá heimild til að hefja nám á vormisseri greiða hluta skrásetningargjalds.

Afsláttur af skrásetningargjaldi er veittur nemendum er búa við örorku eða fötlun gegn staðfestingu á örorkumati.

3. gr.

Skrásetningartímabil og greiðslur

1. Þegar umsókn um skólavist hefur verið samþykkt geta umsækjendur greitt skrásetningargjald í gegnum rafræna kortagreiðslugátt. ...¹
Eindagi skrásetningargjalds er [4. júlí]⁷ vegna skrásetningar í nám, þ.e. nýskráningar og áframhaldandi nám. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi til næsta virka dags þar á eftir. Fyrir nýskráningu á vormisseri skal greiða skrásetningargjald fyrir 10. desember. ...²
Skrásetningartímabili [skólaársins]³ lýkur þann [4. júlí]⁸ bæði fyrir nýnema og aðra nema.
2. Greiðsluheimild fellur úr gildi á eindaga, [4. júlí]⁹. Frá [4. júlí til og með 4. ágúst]¹⁰ [vegna innritunar á haustmisseri og frá 11. desember til og með 20. desember vegna innritunar á vormisseri]⁴ geta nemendur óskað eftir leyfi til greiðslu á skrásetningargjaldi eftir lok skrásetningartímabils, reiknast þá 15% álag á gjaldið.
Hafi skrásetningargjaldið auk álags ekki verið greitt þann [4. ágúst]¹¹ [vegna innritunar á haustmisseri og 20. desember vegna innritunar á vormisseri]⁵ er lítið svo á að viðkomandi hyggist ekki stunda nám við Háskólann á Akureyri á komandi skólaári. Falli [4. ágúst]¹² [og 20. desember]⁶ á helgidag eða almennan frídag, færist frestur til greiðslu á skrásetningargjaldi auk álags til næsta virka dags þar á eftir.
Viðbótargjald vegna leyfis til skrásetningar utan skrásetningartímabils er ætlað til að mæta aukinni vinnu og kostnaði vegna innritunar.
3. Alþjóðlegir nemar sem samþykktir hafa verið sem skiptinemar í gegnum áætlanir Nordplus, Erasmus og North2North, eða frá skólum sem eru með tvíhliða samninga við Háskólann á Akureyri, eru undanþegnir greiðslu skrásetningargjalds við HA hafi þeir greitt skrásetningargjald við sinn heimaskóla.
4. Samþykktir gestanemendur frá opinberum háskólum á Íslandi eru undanþegnir greiðslu skrásetningargjalds hafi þeir greitt skrásetningargjald við sinn skóla.

1) Breytt með reglum nr. 721/2023

2) Breytt með reglum nr. 721/2023

3) Breytt með reglum nr. 721/2023

5) Breytt með reglum nr. 721/2023

6) Breytt með reglum nr. 721/2023

7) Breytt með reglum nr. 300/2024

4) Breytt með reglum nr. 721/2023

8) Breytt með reglum nr. 300/2024

9) Breytt með reglum nr. 300/2024

10) Breytt með reglum nr. 300/2024

11) Breytt með reglum nr. 300/2024

12) Breytt með reglum nr. 300/2024

4. gr.

Endurgreiðsla skrásetningargjalds

1. Skrásetningargjald er ekki endurgreitt ef nemandi hættir námi. Skrásetningargjald er ekki endurgreitt, nema að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - 1.1 Ef ákvarðanir háskóladeilda eða annarra opinberra aðila raska forsendum stúdents fyrir því að hefja nám. Röktutt erindi þar að lútandi skal sent nemendaskrá fyrir 5. nóvember vegna haustmíssis en 5. febrúar á vormíssis. Verði erindi þess efnis samþykkt nemur endurgreiðsla einungis 75% skrásetningargjaldsins.
 - 1.2 Ef nemandi getur ekki stundað nám vegna veikinda getur hann fengið 75% gjaldsins endurgreitt gegn framvísun læknisvottorðs fram til 5. nóvember á haustmíssis, hefji nemandi nám á [haustmíssis]¹, en 5. febrúar á vormíssis, hefji nemandi nám á [vormíssis]².
 - 1.3 Endurgreiðsla afsláttar á skrásetningargjaldi vegna örorku eða fötlunar miðar einungis við yfirstandandi skólaár.

1) Breytt með reglum nr. 721/2023

2) Breytt með reglum nr. 721/2023

5. gr.

Gjaldskrá vegna aðgangs að húsnæði HA

[Nemendur aðgengi að húsnæði - eingreiðsla

kr. 2.000

Kostnaður felst í notandaleyfi og skráningarferli.¹

1) Breytt með reglum nr. 721/2023

6. gr.

Gjaldskrá vegna þjónustu bókasafns Háskólans á Akureyri

1. Lánþegaréttindi:

Nemendur/starfsmenn	kr. 0
Lánþegaréttindi (árgjald)	[kr. 2.500] ¹
2. Dagsektir:

Mánaðarlán og hálfsmánaðarlán, pr. dag	[kr. 70] ²
Skammtímalán úr námsbókasafni, pr. dag	[kr. 300] ³
3. Millisafnalán:

Bækur frá innlendum söfnum	[kr. 2.000] ⁴
Bækur frá Norðurlöndunum	[kr. 3.000] ⁵
Bækur frá erlendum söfnum utan Norðurlandanna	[kr. 4.000] ⁶
Ljósrit greina, 1-20 bls.	[kr. 2.000] ⁷
Ljósrit greina, 21 bls. eða fleiri	[kr. 3.000] ⁸
Nemendur Háskólans á Akureyri greiða hálf gjald fyrir millisafnalán	
Gjald fyrir rit sem glatast	kr. 8.000
4. Plöstudun:

Plöstudun á A4 blaði, pr. blað	kr. 100
--------------------------------	---------
5. [Skönnun:

A4 blöð - einstök blöð báðum megin	kr. 2
Þjónustugjaldi er bætt við ef starfsmenn skanna fyrir viðkomandi, kr. 1000 pr. skönnun] ⁹	
6. Ljósritun og prentun:

A4 - einstök blöð öðru megin - svart/hvít	kr.	10
A4 - einstök blöð báðum megin - svart/hvít	kr.	15
A3 - einstök blöð öðru megin - svart/hvít	kr.	20
A3 - einstök blöð báðum megin - svart/hvít	kr.	30
A4 - einstök blöð öðru megin - í lit	kr.	20
A4 - einstök blöð báðum megin - í lit	kr.	30
A3 - einstök blöð öðru megin - í lit	kr.	40
A3 - einstök blöð báðum megin - í lit	kr.	60

[Ef prentað eða ljósritað er fyrir viðkomandi er greitt tvöfalt gjald.]¹⁰

Ofangreind gjöld miðast við áætlaðan efnis- og rekstrarkostnað prentara, kostnað vegna korta og prentunar á þau og hefðbundin bókasafnsgjöld svo sem millisafnalán og dagsektir.

- | | |
|-----------------------------------|------------------------------------|
| 1) Breytt með reglum nr. 721/2023 | 6) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 2) Breytt með reglum nr. 721/2023 | 7) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 3) Breytt með reglum nr. 721/2023 | 8) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 4) Breytt með reglum nr. 721/2023 | 9) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 5) Breytt með reglum nr. 721/2023 | 10) Breytt með reglum nr. 721/2023 |

7. gr.

Gjaldskrá þjónustuborðs nemendaskrár

1. Útprentanir [og stafrænt afrit]¹ á þjónustuborði:

Vottorð til nemanda	[kr.	450] ²
Námsferilsyfirlit	[kr.	450] ³
[Námskeiðslýsingar pr. blaðsíðu, hámark 1.800 kr.	kr.	450] ⁴
[Námskeiðslýsingar umfram fimm blaðsíður] ⁵	kr.	2.000

Nemendur geta nálgast yfirlit yfir námskeið á námsferli sínum í Uglu án endurgjalds. Við brautskráningu fá nemendur afhent brautskráningarskírteini, brautskráningarferil auk viðauka með prófskírteini á íslensku og ensku.

Óski nemandi eftir staðfestu yfirliti eða vottorði að auki er innheimt gjald fyrir það.

Gjald miðast við áætlaðan prent- og blaðakostnað. Sé óskað eftir gögnum í pósti er póstburðargjald innheimt samkvæmt gjaldskrá Póstsins.

2. ...⁶

- | |
|-----------------------------------|
| 1) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 2) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 3) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 4) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 5) Breytt með reglum nr. 721/2023 |
| 6) Breytt með reglum nr. 721/2023 |

8. gr.

Gjald fyrir próftöku

Próftökugjald, seinni prófatíð miðast við kostnað vegna prófumsýslu, breytileg laun umsjónarmanna, prófgögn, prófgæslu og póstkostnaðar þar sem við á. [kr. 6.000]¹Verð

- 1) Breytt með reglum nr. 721/2023

9. gr.

Gjaldskrá náms- og starfsráðgjafar

Bendill, áhugakönnun	kr.	6.000
Prófkvíðanámskeið	kr.	5.000

Verð miðast við umsýslu, aðkeypta þjónustu, efniskostnað auk prentkostnaðar. Sé óskað eftir gögnum í pósti er póstburðargjald innheimt samkvæmt gjaldskrá Póstsins.

10. gr.

Ráðstöfun skrásetningargjalds

Skrásetningargjaldið er bókfært hjá sameiginlegum rekstri háskólans. Háskólaráð ráðstafar skrásetningargjaldi á þá kostnaðarliði sem falla undir gjaldið lögum samkvæmt.

Skrásetningargjaldi er ráðstafað á kostnaðarliði, skv. meðfylgjandi viðauka, vegna annarrar þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi, vegna kynningarstarfs, nýnemadaga, alþjóðasviðs, þjónustu skrifstofustjóra, aðgangs að tölvukerfi og annarrar upplýsingaþjónustu.

Heimilt er að ráðstafa hlutfalli innheimtra skrásetningargjalda til Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og Félagsstofnunar stúdenta í samræmi við gerða samninga við viðkomandi félög.

11. gr.

Umsýslu- og afgreiðslugjald vegna erlendra umsókna

Umsýslu- og afgreiðslugjald vegna umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi er 50 evrur.

Umsýslu- og afgreiðslugjald tekur mið af vinnu við að taka á móti hverri umsókn, fara yfir hana og tilheyrandi fylgigögn, eiga samskipti við umsækjendur m.a. ef fylgigögn vantar, meta umsókn og afgreiða hana. Miðað er við evrur þegar umsóknirnar koma erlendis frá.

12. gr.

Lagastoð og gildistaka

[Reglur þessar, auk viðauka I, sem samþykktar voru í háskólaráði eru settar með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. einnig 54. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri, og taka þegar gildi.]¹

1) Breytt með reglum nr. 721/2023

Háskólanum á Akureyri, 19. nóvember 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Breytingar nr. 721/2023 samþykktar í háskólaráði 22. júní 2023.

Breytingar nr. 300/2024 samþykktar í háskólaráði 29. febrúar 2024.

VIÐAUKI I

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er Háskólanum á Akureyri heimilt að afla sér tekna til viðbótar við fjárveitingar á fjárlögum. Upphæð skrásetningargjalds er ákveðin á grundvelli sömu laga og er kr. 75.000 vegna skólaársins 2014-2015. Með vísan til heimildar í sömu lögum hækkar gjaldið um 15% eftir að skráningarfresti lýkur, enda hafi viðkomandi fengið leyfi til innritunar utan auglýsts skrásetningartímabils.

Skrásetningargjald nær til heils skólaárs en þeir nemendur sem fá heimild til þess að hefja nám á vормisseri greiða kr. 55.000 (samkvæmt 30. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009).

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 85/2008 veitir Háskólinn á Akureyri nemendum er búa við örorku eða fötlun 50% afslátt af skrásetningargjaldi gegn staðfestingu á 75% örorkumati.

Samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 85/2008 ver Háskólinn á Akureyri ákveðnu hlutfalli inn- heimtra skrásetningargjalda til Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA) og Félagsstofnunarstúdenta (FÉSTA), samkvæmt samningum við viðkomandi félög.

Ráðstöfun skrásetningargjalds – kostnaðarliðir:

Skrásetningargjald er bókfært á yfirstjórn í samræmi við fjárlög. Innheimtu skrásetningargjaldi er ráðstafað á eftirfarandi kostnaðarliði (sjá a–j hér fyrir neðan) sem falla undir gjaldið samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008, þ.e. vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kennslu og rannsóknastarfsemi (sjá nánar lið b–g í 2. gr. laganna). 15% viðbótargjald á skrásetningargjöld utan skrásetningartímabils er ætlað til að mæta aukinni vinnu og kostnaði vegna innritunar utan hefðbundins skrásetningartímabils (sbr. a-lið í grein 1). Áætlað er að slík tilvik kosti að meðaltali um tveggja klst. vinnu.

a) Kynningarstarf.

Auglýsingar til kynningar á Háskólanum á Akureyri og námsframboði, 50% af bókfærðum útgjöldum markaðs- og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri vegna auglýsinga, kynninga og prentunar á kynningarefni.

b) Þjónustuborð nemendaskrár, alþjóðasvið, námsráðgjöf, prófaumsýsla og þjónusta skrifstofustjóra.

Áætluð gjöld (35%) af launakostnaði starfsfólks þjónustuborðs nemendaskrár, miðstöðvar alþjóðasamskipta, miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar og skrifstofustjóra fræðasviða HA. c) Bókasafn og upplýsingaþjónusta. Aðgangur að bókasafni, lesaðstöðu og gagnasöfnum, áætluð gjöld (25%) af rekstri bókasafns og upplýsingaþjónustu.

- c) **Bókasafn og upplýsingaþjónusta.**
Aðgangur að bókasafni, lesaðstöðu og gagnasöfnum, áætluð gjöld (25%) af rekstri bókasafns og upplýsingaþjónustu.
- d) **Skráningarkerfi.**
Áætluð gjöld vegna starfsmanna er annast skráningar í Uglu og meðhöndlun skráningarupplýsinga.
- e) [...]¹
- f) **Nýnemadagar.**
Kostnaður vegna undirbúnings og leiðsagnar við móttöku nýnema á „Nýnemadögum“ í upphafi haustmisseris.
- g) [...]²
- h) **Aðgangur að tölvukerfi.**
Áætlaður kostnaður vegna aðgangs nemenda að tölvukerfi HA.
- i) **Yfirstjórn og aðstaða.**
Reiknuð hlutdeild (12%) í launakostnaði starfsfólks yfirstjórnar auk hlutdeildar (12%) í rekstrarkostnaði húsnæðis að Sólborg og á Borgum.
- j) **Framlög til samtaka stúdenta.**
Bókfærð gjöld – framlag til Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA). Samkvæmt samningi HA og SHA fær SHA hlutdeild í innheimtum skrásetningargjöldum. Bókfærð gjöld – framlag til Félagsstofnunar stúdenta (FÉSTA). Samkvæmt samningi HA og FÉSTA fær FÉSTA hlutdeild í innheimtum skrásetningargjöldum.

1) Breytt með reglum nr. 300/2024

2) Breytt með reglum nr. 300/2024